

Embættisafgreiðslur skrifstofu borgarstjórnar 19. júlí 2018 - R18070021

	Fundargerðir:	
R18010032	Fundargerð aðalfundar Faxaflóahafna, 27.6.'18.	Sent borgarfulltrúum til kynningar.
	Annað	
R18070034	Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um kostnað við einkabílstjóra, dags. 5.7.'18.	Sent skrifstofu borgarstjóra og borgarritara til umsagnar.
R18070035	Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um kostnað við aðkeypta þjónustu sálfræðinga í eineltismálum, dags. 5.7.'18.	Sent skrifstofu borgarstjóra og borgarritara til umsagnar.
R18070036	Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um börn undir fátæktarmörkum, dags. 5.7.'18.	Sent velferðarsviði til umsagnar.
R18070076	Fyrirspurn Sjálfstæðisflokks, Sósíalistaflokks Íslands, Miðflokks og Flokks fólksins um starfshópa, dags. 5.7.'18	Sent skrifstofu borgarstjóra og borgarritara til umsagnar.
R18030183	Framhaldsfyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um kostnað við fundi borgarstjóra, dags. 5.7.'18.	Sent skrifstofu borgarstjóra og borgarritara til umsagnar.
R18010072	Yfirlit innkaupadeildar fyrir júní 2018.	Sent borgarfulltrúum til kynningar.
R18030026	Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um deiliskipulag Óðinstorgs, dags. 28.6.'18.	Sent umhverfis- og skipulagssviði til umsagnar.
R18070033	Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um gjaldfrjáls frístundaheimili fyrir börn efnaminni foreldra, dags. 5.7.'18.	Sent SFS til umsagnar.
R18070075	Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um úttekt á asbesti í stofnunum borgarinnar, dags. 5.7.'18.	Sent Heilbrigðiseftirliti til umsagnar.
R18010060	Auglýsing Saman hópsins, dags. 13.7.'18.	Sent borgarfulltrúum til kynningar.
R17030115	Erindi Stefáns Benediktssonar varðandi Presthús, Kjalarnesi.	Sent skrifstofu eigna og atvinnuþróunar til meðferðar

Fundargerð aðalfundar Faxaflóahafna sf. 2018

Ár 2018, miðvikudaginn 27. júní var haldinn aðalfundur Faxaflóahafna sf. fyrir starfsárið 2017 og var fundurinn haldinn í fundarsal Hafnarhússins við Tryggvagötu 17, Reykjavík.

Mættir f.h. eigenda voru:

Reykjavíkurborg:	Þórdís Lóa Þórhallsdóttir
Akraneskaupstaður:	Sævar Freyr Þráinsson
Hvalfjarðarsveit:	Björgvin Helgason
Skorradalshreppur:	Árni Hjörleifsson
Borgarbyggð:	Gunnlaugur A. Júlíusson

Formaður stjórnar félagsins, Kristín Soffía Jónsdóttir, setti fundinn og bauð fundarfólk velkomið.

Hann stakk upp á Magnúsi Baldurssyni lögmanni sem fundarstjóra og Jóni Þorvaldssyni sem fundarritara og var það samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri gerði grein fyrir því að löglega væri til fundarins boðað. Mætt var á fundinn af hálfu allra eignaraðila.

1. Skýrsla stjórnar.

Formaður stjórnar félagsins, Kristín Soffía Jónsdóttir, flutti skýrslu stjórnar.

Árið 2017 markaði þau tímamót í starfsemi Faxaflóahafna sf. að 100 ár voru frá verklokum hafnarframkvæmda við Gömlu höfnina í Reykjavík árið 1917. Þeirra tímamóta var minnst með ýmsum hætti en hafnargerð í Reykjavík hafði veruleg áhrif á þróun og vöxt höfuðborgarinnar. Enn í dag er starfsemi hafnanna, í Gömlu höfninni og í Sundahöfn, höfuðborginni mikilvæg. Með sameiningu hafna við Faxaflóa árið 2005, undir nafni Faxaflóahafna, var stigið mikilvægt skref í rekstri og uppbyggingu þessara mikilvægu innviða. Á þeim 13 árum sem Faxaflóahafnir hafa starfað hefur afkoma félagsins verið góð og stór verkefni leyst án stuðnings eða styrkja opinberra aðila. Fjárhagsstaða fyrirtækisins hefur verið sterk enda er það forsenda þess að fyrirtækið geti leyst verkefni sín til lengri tíma. Aukin umsvif og hækkandi tekjur samhliða lágum langtímaskuldum hafa styrkt fjárhagsstöðu fyrirtækisins, sem er þannig sjálfbært um nauðsynlegustu framkvæmdir þess og endurbætur. Markviss uppbygging og viðhald mannvirkja er hins vegar forsenda öflugra atvinnulífs á starfssvæðum fyrirtækisins.

Eignaraðilar Faxaflóahafna sf. og eignarhlutir þeirra voru í lok desember 2017 eftirfarandi:

Reykjavíkurborg	75,5551%
Akraneskaupstaður	10,7793%
Hvalfjarðarsveit	9,3084%
Borgarbyggð	4,1356%
Skorradalshreppur	0,2216%

Á aðalfundi Faxaflóahafna sf. þann 26. maí 2017 voru eftirtaldir aðilar skipaðir í stjórn fyrirtækisins:

Frá Reykjavíkurborg:

Aðalmenn:

Dagur B. Eggertsson, formaður

S. Björn Blöndal, varaformaður

Líf Magneudóttir

Þórlaug Ágústsdóttir

Marta Guðjónsdóttir

Varamenn:

Gunnar Alexander Ólafsson

Elín Oddný Sigurðardóttir

Elsa Hrafnhildur Yeoman

Eva Lind Þuríðardóttir

Halldór Halldórsson

Frá Akraneskaupstað:

Aðalmaður: Einar Brandsson

Varamaður: Ólafur Adolfsson

Áheyrnarfulltrúi: Ingibjörg Valdimarsdóttir

Frá Hvalfjarðarsveit:

Aðalmaður: Björgvin Helgason

Varamaður: Arnheiður Hjörleifsdóttir

Frá Borgarbyggð og Skorradalshreppi:

Aðalmaður: Magnús Smári Snorrason

Varamaður: Árni Hjörleifsson

Áheyrnarfulltrúi starfsmanna kosinn af starfsfólki:

Aðalmaður: Júlíus Víðir Guðnason

Varamaður: Pétur Óskarsson

Kristín Soffía Jónsdóttir tók sæti Dags B. Eggertssonar sem formaður stjórnar í septembermánuði 2017.

Rekstur Faxaflóahafna var á árinu 2017 betri en lagt var upp með í fjárhags-áætlun ársins. Tekjur voru umfram áætlun og rekstur innan marka fjárhags-áætlunar að því undanteknu að óvænt álögð gjöld vegna lífeyrismála drógu úr jákvæðri afkomu.

Fjárfestingar og framkvæmdir:

Í Gömlu höfninni í Reykjavík var unnið að endurnýjun viðlegubakka við Norðurgarð og var það stærsta einstaka verkefnið í Gömlu höfninni. Unnið var að endurhönnun á hluta rafdreifikerfis hafnarinnar, unnið við endurnýjun hluta

neðstu hæðar Bakkaskemmu, endurbætur gerðar á Grandagarði og bætt við göngubryggjur í Vesturbugt.

Í Sundahöfn var áfram unnið að byggingu nýs viðlegubakka utan Klepps. Verkefnið er viðamesta verkefni hafnarinnar og lýkur væntanlega á árinu 2019. Þá var unnið að undirbúningi yfirborðsfrágangs í tengslum við nýjan bakka utan Klepps og skipulagsvinnu farmstöðvarinnar í Sundahöfn og á Kleppslandi. Nýr viðlegubakki utan Klepps er stórt verkefni, sem gert er ráð fyrir að þjóni hluta Sundahafnar til næstu áratuga með dýpi og aðstöðu fyrir stærri skip en hingað til hafa verið notuð í flutningum til og frá Íslandi. Með framkvæmdinni er búið í haginn fyrir framtíðarhlutverk Sundahafnar, sem megingátt vöruflutninga til og frá Íslandi næstu áratugi.

Á Grundartanga var unnið við nýjan kantbita Tangabakka, hækkun þekju og baklands. Gengið var frá einni lóð og henni úthlutað í samræmi við samkomulag Faxaflóahafna og Eimskipa. Á Akranesi hófst undirbúningur að endurnýjun og lengingu fremsta hluta Aðalhafnargarðs. Meginþungi framkvæmda verður hins vegar árið 2019.

Við Sævarhöfða var hafist handa við landgerð á grundvelli samkomulags Faxaflóahafna sf. og Björgunar ehf., en Faxaflóahafnir hafa nú selt landið við Sævarhöfða til Reykjavíkurborgar. Eftir sem áður munu Faxaflóahafnir ljúka áður um sömdum landgerðaráföngum á árinu 2019. Með þeirri landgerð sem hafin er í Sævarhöfða og þeim áföngum sem síðar verður farið í er ljóst að sú hafnar- aðstaða sem þar hefur verið nýtt er að lokast.

Skipulags- og lóðamál

Unnið var að undirbúningi deiliskipulags svæðisins utan Klepps. Auk skipafélaganna, Samskipa og Eimskipa hafa allmörg fyrirtæki sótt um lóðir á svæðinu utan Klepps, sem er um tíu hektarar að stærð. Sú kvöð er á svæðinu í aðalskipulagi að fyrirhuguð lega Sundabrautar liggur þvert yfir það með allt að fjögurra hektara helgunarsvæði. Þá hefur verið skoðað hvort koma megi lögreglunni í Reykjavík, Ríkislögreglustjóra og embætti tollgæslunnar fyrir á lóð Klepps. Í Örfirisey hafa skipulagsmál verið til umfjöllunar og var stærsta verkefnið þar deiliskipulag svonefnds Línbergsreits. Samkomulag er þar í gildi milli Faxaflóahafna og lóðarhafa um skipulagningu á um 30.000 m² reit. Örfirisey hefur á síðustu árum tekið breytingum. Breytingar hafa orðið í útgerð og fiskvinnslu og skilgreining á hugtakinu "hafnsækin starfsemi" ekki sú sama og áður var. Með fullvinnslu sjávarafla, nýrri tækni og vinnsluaðferðum má segja að hafnsækin starfsemi muni á komandi árum tengjast þróun og hugviti í sjávarútvegi. Þar getur Örfirisey áfram gegnt veigamiklu hlutverki í sjávarútvegi sem þekkingarmiðstöð og uppspretta nýrra tækifæra. Unnið var að skipulagsmálum vegna vita við Sæbraut og gert ráð fyrir að vitinn verði kominn í notkun árið 2018.

Fyrir liggja forsendur deiliskipulags á svonefndum Tollvörugeymslu- og Kassagerðarreit við Héðinsgötu og Köllunarklettsveg, en áður en eiginleg skipulagsgerð hefst er beðið húsakönnunar.

Þá liggur fyrir samþykkt deiliskipulag á grundvelli tillögu Yrkis arkitekta um aðstöðu fyrir farþega hafnsækinnar ferðaþjónustu við Suðurbugt. Einnig liggur fyrir

forsenda deiliskipulags sem gerir ráð fyrir aðstöðu farþega skemmtiferðaskipa á Miðbakka. Áfram verður unnið að útfærslu þeirra hugmynda auk þess að skoða bætta aðstöðu ferðaþjónustu við Skarfabakka

Á Akranesi hefur verið til skoðunar stækkun aðstöðu vegna mögulegrar þróunar hafnarinnar, en hluti mannvirkja og þá aðallega fremsti hluti Aðalhafnargarðsins kallar á viðhald og endurnýjun. Meginverkefnið hefur falist í breytingu á aðalskipulagi þannig að unnt verði að endurnýja fremsta hluta Aðalhafnargarðsins og lengja hann. Löndun á fiski í Akraneshöfn hefur dregist verulega saman síðustu ár auk þess sem smábátaútgerð hefur þar átt undir högg að sækja eins og víða á landinu.

Umhverfismál

Sem fyrr hafa umhverfismál verið vaxandi þáttur í starfsemi Faxaflóahafna. Árið 2006 var grænt bókhald tekið upp og síðustu ár hafa verið framkvæmdar sjávargæðamælingar á hafnarsvæðum fyrirtækisins. Þá var umhverfisstefna Faxaflóahafna endurskoðuð og á grundvelli hennar var umhverfisstjórnunarkerfi fyrirtækisins vottað, sem er veigamikill áfangi. Faxaflóahafnir eru því fyrst íslenskra hafna til að taka upp umhverfisstjórnunarkerfi, sem undirstrikar mikilvægi þessa málaflokks í starfseminni. Vottunin er samkvæmt staðlinum ISO 14001 og víðeigandi að á 100 ára afmæli Gömlu hafnarinnar hafi þessi áfangi náðst.

Í undirbúningi er síðan að fá vottun á öryggisstjórnunarkerfi Faxaflóahafna sf sem og jafnlaunavottun. Árið 2016 samþykkti stjórn Faxaflóahafna sf. að öll skip sem tengst geta landrafmagni verði að tengjast. Á þeim grundvelli hefur verið unnið að úttektum á rafdreifikerfi hafnarinnar og undirbúið að styrkja lágspennukerfið í Gömlu höfninni, en á Akranesi hefur tenglum verið bætt við núverandi kerfi. Samhliða því hefur verið unnið að öflun upplýsinga um háspennukerfi, sem fyrrsjáanlegt er að muni þjóna stærri skipum í framtíðinni með það að markmiði að draga úr losun koltvísýrings og brennisteins eins og kostur er. Ísland hefur í loftslagsmálum undirgengist skuldbindingar samkvæmt Parísarsamningnum um loftslagsmál og til þess að ná árangri á þeim vettvangi er ljóst að hafnir og útgerðaraðilar verða að taka þær skuldbindingar alvarlega. Þrátt fyrir að sjóflutningar séu almennt hagkvæmur flutningamáti þá eru tækifæri til að gera mun betur en gert er í dag á þessu sviði.

Stjórn Faxaflóahafna sf. hefur ályktað um að bann verði sett við notkun svartolíu í Norðurhöfum og fyrirtækið undirritað yfirlýsingar þess efnis.

Ýmis verkefni

Hér á eftir fer upptalning nokkurra verkefna sem unnið var að á árinu 2017:

Á árinu var boðið upp á ýmsa viðburði í tengslum við þau tímamót að 100 ár voru liðin frá verklokum við Gömlu höfnina árið 1917. M.a. var myndasýning á Miðbakka tileinkuð þessum tímamótum auk þess sem ljósmyndasýning var sett upp í Ráðhúsi Reykjavíkur. Þá var boðið upp á sögugöngu um hafnarsvæðin í Reykjavík og á Akranesi.

Gerðir voru tveir þættir um Faxaflóahafnir sf. í samstarfi við sjónvarpsstöðina Hringbraut þar sem sögu og starfsemi fyrirtækisins voru gerð skil.

Samþykkt var að efna til samkeppni um listaverk í Gömlu höfninni til að minnast atvinnuþátttöku kvenna við höfnina. Niðurstaða samkeppninnar lá fyrir í nóvembermánuði og var dómnefnd sammála um að hlutskarpast væri verkið Tíðir. Bak við það standa Hulda Rós Guðnadóttir, myndlistarmaður, Hildigunnur Sverrisdóttir, arkitekt, og Gísli Pálsson fornleifafræðingur. Fyrirhugað er að verkið verði sett upp í Vesturbugt þegar framkvæmdir á svæðinu leyfa.

Unnið var áfram að gerð eigendastefnu Faxaflóahafna sf. þar sem fram verða dregin meginmarkmið í starfsemi fyrirtækisins, skyldur þess og fjárhagsleg viðmið.

Faxaflóahafnir sf. eru stærsti hluthafi í Eignarhaldsfélaginu Speli ehf., sem á og rekur Hvalfjarðargöng. Spölur mun ljúka verkefni sínu að greiða upp kostnað við gerð Hvalfjarðarganga síðla sumars eða í byrjun hausts 2018. Þar með lýkur þátttöku Faxaflóahafna í því verkefni, en umræða er um nauðsyn þess að endurbæta veginn um Kjalarnes og gerð nýrra ganga þannig að öryggi vegfarenda sé sem best tryggt.

Hafnarhúsið í Reykjavík, sem byggt var á árunum 1934 -1938, þarfnast endurbóta, en viðbygging sem byggð var á húsið upp úr 1960 hefur ekki staðist tímans tönn. Fyrir liggur að taka ákvörðun um framtíðarhlutverk hússins, en samþykkt hefur verið að ganga til viðræðna við Reykjavíkurborg um kaup á eignarhluta Faxaflóahafna sf. í húsinu.

Niðurlag

Starfsemi Faxaflóahafna sf. hefur víðtæk áhrif í þeim sveitarfélögum þar sem fyrirtækið er með virk hafnarsvæði. Í Reykjavík eru þúsundir starfsmanna innan hafnarsvæðanna í Gömlu höfninni og Sundahöfn. Á Akranesi er mikilvægt að verja stöðu hafnarinnar sem fiskihafnar auk þess sem hafnaraðstaðan þjónar sem viðleguaðstaða skipa sem eru að taka um borð nýjustu tækni í meðhöndlun á afla. Stærstur hluti tekna Hvalfjarðarsveitar kemur af starfseminni á Grundartanga, en atvinnusvæðið þar skapar liðlega 1.000 föst störf auk afleiddra starfa. Atvinnulífið á hafnarsvæðum Faxaflóahafna á einnig sinn þátt í að stækka atvinnusvæðið beggja vegna Hvalfjarðar, sem kemur íbúum höfuðborgarsvæðisins og suðurhluta Vesturlands til góða. Nú þegar liðlega 100 ár eru liðin frá byggingu Gömlu hafnarinnar í Reykjavík þá hefur hafnarstarfsemin enn mikil áhrif á athafna- og atvinnulíf eins og verið hefur frá lokum hafnargerðar. Til þess að hafnir Faxaflóahafna gegni hlutverki sínu áfram á komandi áratugum er mikilvægt að byggt sé upp af framsýni með það leiðarljós að starfsemin sé í sátt við umhverfi sitt. Á komandi árum þarf að leysa stór verkefni og án vafa munu ný tækifæri kalla á framkvæmdir og lausnir, sem mikilvægt er að sinna. Þess vegna þurfa Faxaflóahafnir að halda fjárhagslegum styrkleika sínum og eigendur fyrirtækisins að hafa skýra stefnu um hlutverk þess og framtíðarverkefni. Við stofnun Faxaflóahafna sf. settu eigendur sér metnaðarfull markmið, sem almennt hafa gengið eftir, en ávallt er nauðsynlegt að skoða og endurskoða hvernig ná megi bestum árangri í þágu eigenda og viðskiptavina hafnarinnar. Á hafnarsvæðunum verða til tækifæri sem mikilvægt er að nýta til hagsbóta fyrir samfélagið.

Fundarstjóri vék frá dagskrárröð skv. 4. gr. sameignarfélagssamningsins. Umfjöllun um efnahags- og rekstrarreikning félagsins og ákvörðun um meðferð hagnaðar var færð aftur fyrir dagskrárliðina *ákvörðun um stjórnarlaun og lýsing á kjöri stjórnar*.

2. Ákvörðun um stjórnarlaun.

Gerð var tillaga um að stjórnarlaun skulu samsvara flokki 2 í launakerfi fastra nefnda hjá Reykjavíkurborg. Formaður fái tvöföld stjórnarlaun. Tillagan var samþykkt samhljóða.

3. Lýsing á kjöri stjórnar.

Fyrir fundinum lágu eftirfarandi tilkynningar eignaraðila um tilnefningu í stjórn félagsins:

Frá Reykjavíkurborg:

Aðalmenn:

Kristín Soffía Jónsdóttir, formaður

Pórdís Lóa Þórhallsdóttir

Skúli Helgason

Valgerður Sigurðardóttir

Örn Þórðarson

Varamenn:

Sabine Leskopf

Pawel Bartoszek

Magnús Már Guðmundsson

Marta Guðjónsdóttir

Hildur Björnsdóttir

Frá Akraneskaupstað:

Aðalmaður: Ragnar B. Sæmundsson

Varamaður: Karitas Jónsdóttir

Áheyrnarfulltrúi: Ólafur Adolfsson

Frá Hvalfjarðarsveit:

Aðalmaður: Daníel Ottesen

Varamaður: Björgvin Helgason

Fundarstjóri lýsti framangreinda sem rétt kjörna í stjórn.

Frá Borgarbyggð og Skorradalshreppi:

Borgarbyggð tilefndi sem aðalmann Maríu Júlíu Jónsdóttir og sem varamann Lilju Björgu Ágústdóttur. Skorradalshreppur tilefndi Árna Hjörleifsson sem annað hvort aðal- eða varamann í stjórnina.

Árni Hjörleifsson upplýsti að Skorradalshreppur væri ásáttur með að hafa áheyrnarfulltrúa í stjórn félagsins. Gunnlaugur A. Júlíusson frá Borgarbyggð lýsti afstöðu sveitarfélagsins til þeirrar stöðu sem uppi er.

Að tillögu fundarstjóra var samþykkt að Borgarbyggð og Skorradalshreppi væri gefinn stuttur frestur til þess að tilefna sameiginlega fulltrúa í stjórnina. Endurnýjuð tillaga Skorradalshrepps um áheyrnarfulltrúa hreppsins í hafnarstjórn var vísað til eigenda félagsins.

4. Efnahags- og rekstrarreikningur.

Hafnarstjóri, Gísli Gíslason, fór yfir helstu atriði ársreiknings ársins 2017 og umsvif einstakra rekstrarþátta. Þar kom m.a. fram eftirfarandi:

Afkoma ársins 2017 var viðunandi og reyndar betri en fjárhagsáætlun ársins gerði ráð fyrir. Rekstrartekjur Faxaflóahafna árið 2017 voru 3.692,1 mkr. sem 8,2% hækkun reglulegra tekna á milli árána 2016 og 2017. Hækkunin á milli ára nemur 282,6 mkr. Þeir megintekjuliðir ársins sem eru yfir því sem áætlað var eru vörugjöld þ.m.t. tekjur vegna siglingaverndar, skipagjöld og hafnarþjónusta.

Rekstrargjöld Faxaflóahafna árið 2017 voru 3.095,1 mkr. og hækka að krónutölu á milli ára um 389,9 mkr. eða um 14,4%. Ef ekki hefði komið til framlag til lífeyrissjóða að fjárhæð 322,3 mkr. hefði hækkun rekstrargjalda á milli ára verið óveruleg. Heildareignir 2017 námu 14,9 Ma.kr. þar af námu fastafjármunir 12,9 Ma.kr. og veltufjármunir 2,0 Ma.kr. Heildarskuldir voru 1,5 Ma.kr. en þar af voru langtímaskuldir alls 715,0 mkr. Handbært fé frá rekstri í lok árs 2017 var 1,6 Ma.kr. og í samræmi við það sem ráð var fyrir gert. Handbært fé í árslok nam 1,4 Ma.kr. Fjárfestingar voru í heildina 1,7 Ma.kr.

Efnahagsreikningur og rekstrarreikningur félagsins var samþykktur með öllum greiddum atkvæðum.

5. Ákvörðun um meðferð hagnaðar félagsins.

Gerð var svohljóðandi tillaga um greiðslu arðs til eigenda:

Arður verði 50% af hagnaði án óreglulegra tekna, eða alls 307,0 mkr. sem skiptist á eignaraðila eftir eignarhlutföllum.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

6. Kosning löggilts endurskoðanda.

Lagt var til að Grant Thornton endurskoðun ehf. fari með endurskoðun félagsins og var það samþykkt samhljóða.


7. Önnur mál.

Formaður stjórnar kynnti samþykkt stjórnar Faxaflóahafna sf. varðandi umhverfisviðurkenningu til fyrirtækis á starfssvæði Faxaflóahafna sf., undir nafninu "Fjörusteinninn". Hann greindi frá því að stjórnin hefði ákveðið að veita viðurkenninguna til Hafsins - öndvegisseturs og tók Jón Ágúst Þorsteinsson við viðurkenningunni fyrir hönd samtakanna.

Kristín Soffía Jónsdóttir þakkaði starfsmönnum og stjórn Faxaflóahafna sf. fyrir vel unnin störf á árinu.

Gísli Gíslason hafnarstjóri þakkaði Endurskoðunarskrifstofu KPMG ehf. fyrir vel unnin störf og gott samstarf en hún hefur sinnt endurskoðun félagsins undanfarin fjögur ár.

Fundarstjóri óskaði eftir heimild fundarins til þess að fundarstjóri og fundarritari gengju frá fundargerð og var það samþykkt. Að því búnu lýsti fundarstjóri dagskrá fundarins tæmda og sleit fundi kl: 15:50


Magnús Baldursson
fundarstjóri
Jón Þorvaldsson,
fundarritari

BORGARRÁÐ 5. júlí 2018: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um kostnað vegna bílstjóra borgarstjóra - R18070034

Hver er árlegur kostnaður þess að borgarstjóri haldi úti einkabílstjóra?

BORGARRÁÐ 5. júlí 2018: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um fjölda barna undir framfærsluviðmiðum velferðarráðuneytisins - R18070035

Hvað búa mörg börn í Reykjavík undir fátæktarmörkum þ.e. undir framfærsluviðmiði velferðarráðuneytis?

Borgarráð 5.7.'18: Framhaldsfyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um kostnað við opna fundi borgarstjóra - R18030183

Hvað voru margar vinnustundir inntar af hendi af hálfu borgarstarfsmanna bæði varðandi undirbúning og framkvæmd við opna fundi borgarstjóra í aðdraganda borgarstjórnarkosninga?

Borgarráð 28.6.'18: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins vegna deiliskipulags Óðinstorgs - R18030026

Hver er áætlaður kostnaður við formlega fornleifaskráningu sem Minjastofnun nefnir í umsögn sinni um framkvæmdina?

BORGARRÁÐ 5. júlí 2018: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um kostnað vegna aðkeyptrar þjónustu sjálfstætt starfandi sálfræðinga vegna eineltismála - R18070035

Hver er upphæð aðkeyptrar þjónustu sjálfstætt starfandi sálfræðinga í tengslum við forvarnir og úrvinnslu eineltismála síðustu 5 ár?

Borgarráð 5.7.'18: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins og áheyrnarfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands, Miðflokksins og Flokks fólksins um starfshópa - R18070076

Á síðasta kjörtímabili voru að minnsta kosti 350 starfshópar skipaðir hjá Reykjavíkurborg. 1. Hvað sitja margir einstaklingar í þessum starfshópum? 2. Hver var launakostnaður borgarinnar til þessara aðila? 3. Hversu mikill verktakakostnaður var greiddur til þessara aðila? 4. Hversu margir aðilar utan hópanna voru fengir til starfa fyrir hópana? 5. Hvað kostaði sú aðkeypta vinna?

Hr Magnús Ingi Erlingsson, lögfræðingur Reykjavíkurborg

magnus.ingi.erlingsson@reykjavik.is

Efni: Presthús Kjalarnesi Reykjavík

Eigendur jarðarinnar fengu tilboð í jörðina Presthús, með fyrirvara um fjármögnun kaupanna. Skemmst er frá því að segja að allir eigendur samþykktu framkomið tilboð. Frestur tilboðsgjafa rann út í fyrradag án þess að hann gæti staðið við boð sitt. En beiðni um framlengingu frests liggur í loftinu.

Þar sem meðeigandur okkar Benediktssona að jörðinni hafa fallist á að láta jörðina á framkomnu tilboði þykir okkur liggja beinast við að bjóða Reykjavíkurborg að gera tilboð í jörðina. Bestu upplýsingar um jörðina er að finna hér

https://www.mbl.is/fasteignir/fasteign/695689/?q=1d26d1b535b04acffedfc6466c9f3454&item_num=14

Við teljum að jörðin sé ca 32 hektarar (en ekki 28) með eyjum og skerjum. Magnús Leopoldsson fasteignasali er með málið f.h. eigenda. Eins og þú veist höfum við helst hug á að Reykjavíkurborg eignist jörðina, frekar en einhverjir braskarar. Nú eru aðrir stjórnmalaflokkar og einstaklingar komnir að stjórnun borgarinnar, og hefur komið fram að þeir hafi áhuga á þessu landi og að hlúa að Kjalarnesinu, í ljósi útivistar og íbúðabygðar

Vildi láta þig vita áður en við framlengjum frest eða auglýsum jörðin á ný. Tel að það væri mikil framsýni borgaryfirvalda fyrir borgina að nýta sér þetta tækifæri að eignast þessa útivistarparadís og mögulegt byggingarland í borgarlandinu. Hér í Presthúsum er síðasta ósnortna strandlengja borgarinnar og möguleikar endalausir fyrir Reykjavíkurborg.

Með kveðju

Stefán Benediktsson netf sb@fb.is gsm 8961808P

Stefán Benediktsson

15. maí 1997 | Innlendar fréttir | 626 orð

Kosið um sameiningu Reykjavíkur og Kjalarneshrepps 21. júní

Gert ráð fyrir yfir 20 þúsund manna byggð á Kjalarnesi

Lagningu Sundabrautar verði flýtt

SAMSTARFSNEFND um sameiningu Reykjavíkur og Kjalarneshrepps leggur til að kosið verði um sameiningu í báðum sveitarfélögum þann 21. júní nk. og verður tillaga þess efnis lögð fram til umræðu í borgarstjórn og á fundi hreppsnefndar í dag. Áhersla verður lögð á að flýta eins og kostur er lagningu Sundabrautar um Elliðavog, Geldinganes, Álfnes og Kollafjörð.

Kosið um sameiningu Reykjavíkur og Kjalarneshrepps 21. júní Gert ráð fyrir yfir 20 þúsund

manna byggð á Kjalarnesi

Lagningu Sundabrautar verði flýtt

SAMSTARFSNEFND um sameiningu Reykjavíkur og Kjalarneshrepps leggur til að kosið verði um sameiningu í báðum sveitarfélögum þann 21. júní nk. og verður tillaga þess efnis lögð fram til umræðu í borgarstjórn og á fundi hreppsnefndar í dag. Áhersla verður lögð á að flýta eins og kostur er lagningu Sundabrautar um Elliðavog, Geldinganes, Álfnes og Kollafjörð. Íbúar Kjalarness eru 500 en í drögum að nýju aðalskipulagi er gert ráð fyrir að þeir verði um 2025 þús.

Viðræður um sameiningu hafa staðið yfir frá því í haust og í mars var skipuð samstarfsnefnd um sameiningu. Á fundi með nefndarmönnum kom fram að að hennar mati er sameining nauðsynleg forsenda þess að byggð þróist eðlilega og eins og hagkvæmast er. Að auki standi sveitarfélögin betur að vígi í viðleitni sinni til þess að hraða framkvæmdum við fyrirhugaða Sundabraut.

Samstaða

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir borgarstjóri sagði það ánægjulegt að breið samstaða væri í borgarstjórn og í hreppsnefnd Kjalarness um sameininguna. Íbúar í Reykjavík og á Kjalarnesi byggðu afstöðu sína á mismunandi forsendum, sagði hún en íbúar beggja sveitarfélaga hefðu ótvíræðan hag af sameiningunni. Árni Sigfússon, oddviti sjálfstæðismanna í borgarstjórn, sagði að góð samstaða væri um sameiningu. Sagði hann ljóst að Kjalnesingar fengju aukna þjónustu og að skuldir Reykvíkinga myndu ekki aukast nema um þúsund krónur á íbúa. Það væri ásættanlegt þar sem í staðinn fengist 2025 þús. manna byggð.

Pétur Friðriksson, oddviti Kjalarneshrepps, sagði sameiningu vera til hagsbóta fyrir báða aðila. Frá sjónarmiði Kjalnesinga væri helsti ókosturinn að sveitarstjórnin myndi fjarlægjast íbúana. Kolbrún Jónsdóttir hreppsnefndarmaður sagði að pólitísk samstaða væri um sameiningu við Reykjavík en skiptar skoðanir væru milli einstaklinga.

Í tillögunni er gert ráð fyrir að sameinaða sveitarfélagið skuli heita Reykjavík og ef af sameiningu verður með meirihluta greiddra atkvæða í hvoru sveitarfélagi fyrir sig verður sameiningin eftir sameiginlegar sveitarstjórnarkosningar til borgarstjórnar í júní 1998, enda hafi Alþingi samþykkt lög um stækkun lögsagnarumdæmis Reykjavíkur. Þá mun taka til starfa vinnuhópur, skipaður tveimur fulltrúum frá hvoru sveitarfélagi sem fjalla mun um fjármál hreppsins og þær framkvæmdir, sem nauðsynlegt er að ráðast í á yfirstandandi kjörtímabili.

Álfnes eftir 610 ár

Í fyrstu verður lögð áhersla á uppbyggingu í Grundarhverfi og að fjölga íbúum þar um 300 en reiknað er með í þeim

skipulagsdrögum sem fyrir liggja að Álfsnesið fari að byggjast eftir 610 ár og að þar verði 1215 þús. íbúar. Með tilkomu Sundabrautar verður Álfsnes í 1012 km fjarlægð frá miðborginni. Jafnframt er reiknað með íbúðasvæði ofar á Kjalarnesi fyrir um 6 þús. íbúa.

Eftir sameiningu yrði sameiginleg skuldastaða um 98 þúsund á íbúa en hún er nú 97 þús. á íbúa í Reykjavík og 288 þús. á íbúa á Kjalarnesi. Skattar munu ekki breytast í Reykjavík en hjá Kjalnesingum breytist álagning þannig að útsvar lækkar, fasteignagjöld breytast lítillega og óveruleg hækkun verður hjá fyrirtækjum. Greiðslubyrði einstaklinga mun því lækka og gæti lækkunin numið 2762 þús. krónum eftir aðstæðum, að sögn Péturs Friðrikssonar oddvita.

Félagsþjónusta á Kjalarnesi mun verða bætt verulega og verða með formfastari hætti og til mikilla bóta, að sögn Péturs. Reiknað er með sameiginlegri skólanefnd Klébergsskóla og leikskólans en það er nýmæli. Stefnt er að áframhaldandi rekstri á útibúi Sjúkrahúss Reykjavíkur í Arnarholti, sem er einn stærsti atvinnurekandinn á Kjalarnesi. Í tillögunni er gert ráð fyrir að landbúnaðarframleiðsla á Kjalarnesi verði þar áfram og að engin truflun verði þar á. Áhersla verður lögð á umhverfismál með það að markmiði að á Kjalarnesi verði eftirsótt hverfi fyrir þá sem ekki vilja búa jafnpétt og í öðrum hverfum.

Morgunblaðið/Kristinn STEFÁN Hermannsson borgarverkfræðingur, Sigrún Magnúsdóttir borgarfulltrúi, Árni Sigfússon oddviti Sjálfstæðisflokksins, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir borgarstjóri, Pétur Friðriksson oddviti Kjalarneshrepps og Kolbrún Jónsdóttir hreppsnefndarmaður kynna tillögu um sameiningu Reykjavíkur og Kjalarneshrepps.

Landsaðgangur | **hvar.is**
AÐ RAFRÆNUM ÁSKRIFTUM

M018 *



RK002125343IS

AB14 09.07.2018 20:16:40

BORGARSTJÖRN REYKJAVÍKUR
RÁÐHUSIÐ

TJARNARGÖTU 11
101 R.



Íslandspóstur

Reykjavík
09.07.2018

Burðargjald 100 kr.

Rekjanleg bréf 100 kr.

108_10

Pósturinn - Iceland Post

Rekjanlegt bréf pósthús



RK002125343IS

Frá: Helga Guðrún Jónasdóttir <helga@samband.is>

Sent: föstudagur, 13. júlí 2018 14:20

Til: GunnarRich@gardabaer.is

Efni: Til sveitarstjórnarmanna - Sumarefni frá Saman- hópnum

Fjölpóstur á öll sveitarfélög

Áframsendum skv. beiðni Saman-hópsins meðfylgjandi skilaboð til frekari úrvinnslu hjá sveitarfélaginu.

Allt kynningarefni má nálgast á vef hópsins: <http://www.samanhopurinn.is/kynningarefni>

Saman_hopurinn_googlebordar-300x250Ágætu sveitastjórnarmenn!

Hvetjum til samveru fjölskyldunnar

Fulltrúar Samanhópsins vilja óska nýjum sveitastjórnarfulltrúum til hamingju með kosningar í yor og vænta þess að eiga gott áframhaldandi samstarf í framtíðinni.

Í sumar viljum við sem fyrr undirstrika mikilvægi samverunnar fyrir foreldra og unglinga þar sem rannsóknir hafa sýnt að samvera fjölskyldunnar sé einn helsti skýringarþátturinn fyrir góðu gengi í forvörnum á undanförunum árum.

Því viljum við að sjálfsögðu viðhalda.

Kannanir hafa sýnt að unglingar og foreldrar vilja eiga fleiri samverustundir saman og er sumarið kjörinn tími til þess. Samvera fjölskyldunnar og mikilvægi þess að foreldrar skapi góðar minningar með börnum sínum er megininntakið í auglýsingum SAMAN-hópsins í sumar og haust. Reynt er að undirstrika að samvera þurfi ekki endilega að þýða útgjöld, við getum spjallað saman, spilað saman, sungið, leikið, hjólað, eldað og farið í göngutúra svo dæmi séu tekin.

SAMAN hópurinn vill hvetja sveitastjórnir til að leggja skilaboðum okkar lið.

Ykkur stendur til boða að fá án endurgjalds nýjar rafrænar auglýsingar og vefborða sumarátaksins sem auðveldlega má koma fyrir á t.d. á heimasíðum sveitarfélaga eða til útgáfu og birtingar eins og hver vill.

Einnig býður hópurinn ykkur að nýta önnur verkefni og hugverk SAMAN hópsins. Samanhópurinn vill hvetja þau sveitarfélög sem bjóða heim á stórar bæjarhátíðir í sumar að hyggja vel að öllu skipulagi er varðar öryggi barna og ungmenna t.d. með því að framfylgja aldurstakmörkunum áfengislaga, lögum um útivistartíma barna og taka mið af öðrum verndarákvæðum barnaverndarlaga. Þá hvetjum við ykkur til að leggja öðru fremur áherslu á samveru fjölskyldunnar og að skapa góðar minningar. Hægt er að nýta veggspjöld sumarátaksins og aðlaga með merki bæjarfélags og heiti hátíðar.

Nálgast má ítarlegri upplýsingar um efni á vefslóðinni www.samanhopurinn.is

Talsmenn SAMAN hópsins veita fúslega ráð og koma með ábendingar út frá sjónarhorni forvarna sé þess óskað. Í hópnum sitja m.a. fulltrúar félagsþjónustu og forvarnafulltrúar víðsvegar af landinu, lögreglu og landlæknis, lýðheilsu, samtökum foreldra, samtökum félagsmiðstöðva og ungmennahúsa, verndara og annarra sem láta sér forvarnir og velferð barna og ungmenna og fjölskyldunnar varða.

Gleðilegt sumar! SAMAN – hópurinn

Borgarráð 5.7.'18: Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um úttekt á asbesti í stofnunum borgarinnar - R18070075

Lagt er til að Heilbrigðiseftirlitið geri úttekt á stöðu asbests í stofnunum borgarinnar sérstaklega þó í leik- og grunnskólum Reykjavíkurborgar.

BORGARRÁÐ 5. júlí 2018: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um gjaldfrjáls frístundaheimili fyrir börn efnaminni foreldra - R18070033

Lagt er til að frístundaheimili fyrir börn foreldra sem eru undir framfærsluviðmiði velferðarráðuneytisins verði gjaldfrjáls.

Greinargerð:

Í þeim tilgangi að styðja enn betur við efnaminni fjölskyldur er lagt til að foreldrar sem eru undir fátæktarmörkum fái gjaldfrjáls frístundaheimili fyrir börn sín. Efnahagsþrengingar foreldra hafa iðulega mikil og alvarleg áhrif á börnin í fjölskyldunni. Sumar fjölskyldur eru enn að glíma við fjárhagserfiðleika vegna afleiðinga hrunsins og sjá ekki fyrir sér að geta rétt úr kútnum næstu árin ef nokkurn tíman. Fólk sem er með tekjur að upphæð u.þ.b. 250.000 kr. á mánuði á þess engan kost að ná endum saman ef húsnæðiskostnaður er einnig innifalinn í þeirri upphæð. Skuldir og fjárhagsstaða foreldra mega ekki bitna á börnum. Það er skylda okkar sem samfélags að sjá til þess að börnum sé ekki mismunað á grundvelli fjárhagsstöðu foreldra þeirra. Börnum sem er mismunað vegna fjárhagsstöðu foreldra samræmist ekki 2. gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem kveður á um jafnræði – banni við mismunun af nokkru tagi án tillits til m.a. félagslegra aðstæðna. Börn fátækra foreldra sitja ekki við sama borð og börn efnameiri foreldra. Þau fá t.d. ekki sömu tækifæri til tómstunda. Með þessari tillögu er verið að freista þess að tryggja að börn efnaminni foreldra missi hvorki pláss á frístundaheimilum né verði svikin um tækifæri til að sækja frístundaheimili vegna bágra félags- og fjárhagslegra stöðu foreldra.



Reykjavíkurborg
Fjármálaskrifstofa
innkaupadeild

Málsnr.: R18010072
Skjalasafn Ráðhúss
- 6. júlí 2018
Bréfalykill: 5252

Reykjavík, 2. júlí 2018
R18010001

Borgarráð
Ráðhúsi Reykjavíkur

Efni: Skýrsla samkvæmt 37. gr. innkaupareglu Reykjavíkurborgar
Um er að ræða lægstbjóðendur nema annað sé tekið fram.

Yfirlit yfir verkefni innkaupadeildar f.h. upplýsingatæknideildar Reykjavíkurborgar í júní 2018

Teg. verks / vöru / þjónustu	Seljandi / samn.aðili	Samnings- verð án vsk	Kostn.áætl.	Teg. samn./ samn.tími	Innkaup / útboð / fyrirspurn	Hver tók ákvörðun
Cisco Netbúnaður	Advania hf	32.349.379	44,0 m.kr	Pöntun	Örútbóð innan rammasamn.	upplýsinga- tæknideild
Spjaldtölvur með Apple IOS Stýrikerfi	Skakkiturn ehf	5.102.412	Ekki lögð fram	Pöntun	Örútbóð innan rammasamn.	upplýsinga- tæknideild
Fartölvur	Opin kerfi hf	57.323.600	Ekki lögð fram	Pöntun	Örútbóð innan rammasamn.	upplýsinga- tæknideild
Chromebook	Advania hf	12.981.050	Ekki lögð fram	Pöntun	Örútbóð innan rammasamn.	upplýsinga- tæknideild
Cisco Spark hugbúnaðarleyfi	Sensa ehf	3.309.024	4,2 m.kr.	Pöntun	Verðfyrirspurn	upplýsinga- tæknideild

Yfirlit yfir verkefni innkaupadeildar f.h. skrifstofu eigna- og atvinnupróunar Reykjavíkurborgar í júní 2018

Teg. verks / vöru / þjónustu	Seljandi / samn.aðili	Samnings- verð	Kostn.áætl.	Teg. samn./ samn.tími	Innkaup / útboð / fyrirspurn	Hver tók ákvörðun
Öryggisgæsla fyrir Reykjavíkurborg	Öryggismiðstöð Íslands hf.	88.737.040	Ekki lögð fram	Samn. / samn.lok 30.6.2023	EES Útbóð	Innkauparáð

Yfirlit yfir verkefni innkaupadeildar f.h. Reykjavíkurborgar í júní 2018

Teg. verks / vöru / þjónustu	Seljandi / samn.aðili	Áætl. velta á ársgrundv.	Teg. samn./ samn.tími	Innkaup / útboð / fyrirspurn	Hver tók ákvörðun
Raftæki	Bakó Ísberg ehf., Elko ehf., Extón ehf., Fastus ehf., Geiri ehf., Heimilistæki ehf., Húsasmiðjan ehf., Nýherji hf., Ormsson ehf., Rafna ehf., Rafvörur ehf., Smith & Norland ehf	50,0 m.kr.	Rammasamn. / samn.lok 6.6.2019	Framlenging - EES Útbóð	Innkauparáð
Túlka- og þýðingþjónusta	Alþjóðasetur ehf., APG ehf., Jafnréttishús ehf., Polanska slf., Túlka- og þýðingamiðstöðin ehf., Túlkaþjónustan slf.	40,0 m.kr.	Rammasamn. / samn.lok 12.6.2020	EES Útbóð	Innkauparáð

Guðbjörg Eggertsdóttir
innkaupadeild Reykjavíkurborgar

Guðbjörg Eggertsdóttir

Borgartún 12-14
105 Reykjavík
Kt. 530269-7609
Sími 411 1111
www.reykjavik.is/utboð